



Reykjavík, 11. mars 2025
SFS25020020

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Breytingar á reglum um þjónustu frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. mars 2025 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. mars 2025, um breytingar á reglum um þjónustu frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva ásamt breyttum reglum um þjónustu frístundaheimila, reglum um þjónustu frístundaheimila frá febrúar 2023, breyttum reglum um þjónustu félagsmiðstöðva og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva frá júní 2024.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 5. mars 2025
Breyttar reglur um þjónustu frístundaheimila, ódags.
Reglur um þjónustu frístundaheimila, dags. 19. okt. 2017
Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva, dags. 19. okt. 2017
Breyttar reglur um þjónustu félagsmiðstöva



Reykjavík, 5. mars 2025
SFS25020020

Tillaga

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Breytingar á reglum um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um **þjónustu frístundaheimila**:

Núgildandi **7. mgr. í gr. 1.a** er svohljóðandi:

Skráning í sumarfrístund hefst í apríl ár hvert. Skrá þarf barn eigi síðar en kl. 12:00 á föstudegi til að það geti fengið þjónustu í vikunni á eftir. Við skráningu geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru látnir vita ef börnin komast inn af biðlista.

Lagt er til að **7. mgr. í gr. 1. a** verði svohljóðandi:

Skráning í sumarfrístund hefst í apríl ár hvert. *Framboð á plássum í sumarfrístund fer eftir fjárhagsáætlun hvers árs. Ef umsóknir eru umfram framboð hverju sinni er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna.* Skrá þarf barn eigi síðar en kl. 12:00 á *fimmtudegi* til að það geti fengið þjónustu í vikunni á eftir. Við skráningu *fara allar umsóknir á bið. Umsóknir eru afgreiddar í þeirri röð sem þær berast, en þó þarf fyrst að taka tillit til barna sem fá samþykktan forgang.*

Núgildandi b) liður 4. gr. er svohljóðandi:

Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum. Starfsmenn miðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna svo og námsráðgjafar eða deildarstjórar yngsta stigs grunnskóla, með samþykki foreldra, geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.

Lagt er til að b) liður 4. gr. verði svohljóðandi:

Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum. Starfsmenn miðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna geta, með samþykki foreldra, sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.

Núgildandi 1. málslíðu **3. mgr. í gr. 6.c.** er svohljóðandi:

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfinu, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundaheimilis/frístundamiðstöðvar að minnsta kosti viku fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Lagt er til að 1. málslíðu **3. mgr. í gr. 6.c** verði svohljóðandi:

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku ísumarstarfinu, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundaheimilis/frístundamiðstöðvar að minnsta kosti *ellefu dögum* fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Lagt er til að bæta við nýrri málsgrein í **gr. 6.d sem verður að 5. mgr.** ákvæðisins og verði svohljóðandi:

Foreldrar systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, sem öll eru með lögheimili í Reykjavík, að uppfylltum framangreindum skilyrðum geta sótt um framangreindan systkinaafslátt á þar til gerðri umsókn. Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá um skipta búsetu og báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn. Í þessum tilfellum er miðað við forsjárskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla.

Núgildandi **6. mgr. í gr. 6.b** er svohljóðandi:

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama lögheimili/lögheimilistengsl í þjóðskrá.

Lagt er til að **6. mgr. verði að 7. mgr. í gr. 6. b** og verði svohljóðandi:

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama lögheimili/lögheimilistengsl í þjóðskrá. *Ef um er að ræða systkinaafslátt barna í skiptri búsetu foreldra lækka gjöld þess foreldris er greiðir gjöldin.*

Núgildandi **4. mgr. í gr. 6.d** er svohljóðandi:

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar vegna systkina sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afsláttur reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins.

Lagt er til að orðalag **4. mgr. í gr. 6. b** verði svohljóðandi:

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar vegna systkina sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afsláttur reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. *Sækja þarf um afsláttinn ef um er að ræða börn foreldra í skiptri búsetu foreldranna, sjá nánar í 5. mgr. í gr. 6.d í reglunum.*

Núgildandi **2. mgr. í gr. 7. b** er svohljóðandi:

Í sumarfrístund þarf að afskrá barn með tölvupósti til frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar viku áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Lagt er til að **2. mgr. í gr. 7.b.** verði svohljóðandi:

Í sumarfrístund þarf að afskrá barn með tölvupósti til frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar *ellefu dögum* áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um **þjónustu félagsmiðstöðva:**

Núgildandi **1. málsliður 7. mgr. í gr. 1. a** er svohljóðandi:

Skráning í sumarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna hefst í mars/apríl. Skrá þarf barn í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 á föstudegi til að það geti notið þjónustu frá og með mánudegi í vikunni á eftir. Við skráningu geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru látnir vita ef börnin komast inn af biðlista.

Lagt er til að **1. málsliður 7. mgr. í gr. 1.a** verði svohljóðandi:

Skráning í sumarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna hefst í mars/apríl. Skrá þarf barn í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 á *fimmtudegi* til að það geti notið þjónustu frá og með mánudegi í vikunni á eftir. Við skráningu geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru látnir vita ef börnin komast inn af biðlista.

Núgildandi a) liður 4. gr. er svohljóðandi:

Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum. Starfsmenn miðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna geta og námsráðgjafar eða deildarstjórar í grunnskóla geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.

Lagt er til að a) liður 4. gr. verði svohljóðandi:

Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum. Starfsmenn miðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna geta, *með samþykki foreldra*, sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.

Lagt er til að 3. mgr. í 4. gr. b) sem er svohljóðandi verði felld út:

Ekki er veittur forgangur í sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva.

Lagt er til að bæta við nýrri málsgrein í **gr. 6.b** sem verður að **4. mgr.** ákvæðisins og verði svohljóðandi:

Foreldrar systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, sem öll eru með lögheimili í Reykjavík, að uppfylltum framangreindum skilyrðum, geta sótt um framangreindan systkinaafslátt á þar til gerðri umsókn. Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá um skipta búsetu og báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn. Í þessum tilfellum er miðað við forsjárskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla.

Núgildandi **5. mgr. í gr. 6.b** er svohljóðandi :

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn í sértækri félagsmiðstöð.

Lagt er til að **5. mgr. verði að 6. mgr. í gr. 6. b** og verði svohljóðandi:

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn í sértækri félagsmiðstöð. *Ef um er að ræða systkinaafslátt barna í skiptri búsetu foreldra lækka gjöld þess foreldris er greiðir gjöldin.*

Núgildandi **1. málsliður 3. mgr. í gr. 6. c** er svohljóðandi:

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundamiðstöðvar að minnsta kosti viku fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Lagt er til að **1. málsliður 3. mgr. í gr. 6. c** verði svohljóðandi:

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundamiðstöðvar að minnsta kosti *ellefu dögum* fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Núgildandi **1. mgr. í gr. 6.d** er svohljóðandi:

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar af fullu gjaldi vegna systkina sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afslátturinn reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. Ekki er veittur systkinaafsláttur af sumarsmiðjum.

Lagt er til að **1. mgr. í gr. 6.d** verði svohljóðandi:

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar af fullu gjaldi vegna systkina sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afslátturinn reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. *Sækja þarf um afsláttinn ef um er að ræða börn foreldra í skiptri búsetu foreldranna, sjá nánar í 4. mgr. í gr. 6.b í reglunum.* Ekki er veittur systkinaafsláttur af sumarsmiðjum.

Núgildandi **2. mgr. í gr. 7.b** er svohljóðandi:

Í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva og í sumarsmiðjum fyrir 10-12 ára þarf að afskrá barn með tölvupósti til til félagsmiðstöðvar eða frístundamiðstöðvar viku áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Lagt er til að **2. mgr. í gr. 7.b** verði svohljóðandi:

Í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva og í sumarsmiðjum fyrir 10-12 ára þarf að afskrá barn með tölvupósti til til félagsmiðstöðvar eða *frístundamiðstöðvar ellefu dögum* áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Breyting taki gildi við samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Breytingar í tengslum við skráningu og afskráningu

Breytingar sem starfshópur um endurskoðun á skráningu í sumarfrístund lagði til og hafa verið samþykktar í framkvæmdastjórn SFS. Breytingar sem snúa að skráningu felast í að skráning þarf að hafa borist í síðasta lagi á fimmtudegi kl. 12 í stað föstudags kl. 12. Það getur verið erfitt að bregðast við skráningu sem kemur ekki fyrir en í hádegi á föstudegi þegar námskeið á að hefjast á mánudegi og því lagði hópurinn þetta til.

Breytingin sem snýr að afskráningu felst í því að afskráningar þurfi að berast ellefu dögum áður en námskeið á að hefjast í stað viku fyrir. Með því að bæta við dögum sem forstöðumenn hafa til að bregðast við afskráningum, þá fá foreldrar barna á biðlistum að vita fyrir ef börnin þeirra komast inn af biðlista. Með því að hafa þetta ellefu daga, þá er hægt að minna foreldra á möguleikann á afskráningum á mánudegi, síðasti séns að afskrá á miðvikudegi og þá er hægt að taka inn af biðlistum á fimmtudegi og föstudegi, rúmri viku áður en námskeið hefst, en ekki bara nokkrum dögum áður. Í vinnu starfshópsins kom fram að þegar allar afskráningar hafa

borist hefur yfirleitt að lokum verið hægt að taka inn nánast öll börn af biðlistum. Það er því mikilvægt að geta upplýst foreldra um það sem fyrst þegar börnin komast inn af biðlistum.

Breytingar í tengslum við forgang

Um er að ræða tillögu frá áðurnefndum starfshóp sem einnig hefur verið samþykkt í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að hægt verði að sækja um forgang í sumarstarf frístundaheimilanna í samræmi við forgang í vetrarstarfi. Um er að ræða fötluð eða langveik börn og börn í erfiðum félagslegum aðstæðum sem hafa jafn mikla þörf á forgangi í sumarstarf og vetrarstarf. Einnig á forgangur við um börn starfsfólks, en hann er mikilvægur til að ná að manna frístundaheimilin, jafnt að sumri sem vetri. Forsendur fyrir forgangi er m.a. að unnin hafi verið einstaklingasáætlun af frístundaheimili og foreldri og samþykkt af þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna á frístundaskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Þannig er búið að tryggja samráð og samstarf við þekkingarmiðstöðina sem getur þá einnig veitt ráðgjöf ef leita þarf annað eftir þjónustu. Ekki er lagt til að börnin verði tekin inn í aldursröð eins og í vetrarstarfinu þar sem þá er hættu á því að eldri börnin fái enga þjónustu í einhverjum tilfellum.

Breytingar í tengslum við skipta búsetu barns

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. barnalaga nr. 76/2003 geta foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns án þess að búa saman einnig samið um skipta búsetu barns þannig að barnið eigi fasta búsetu hjá þeim báðum. Forsendur þess að semja um skipta búsetu barns eru þær að foreldrar geti komið sér saman um atriði er snúa að umönnun og uppeldi barnsins og að búsetu foreldra sé þannig háttáð að barnið sækji einn skóla eða leikskóla og eigi frjálstan og greiðan aðgang að samfelldu tómsundastarfi og öðrum frístundum frá báðum heimilum. Ef samið er um skipta búsetu barns skulu foreldrar ákveða hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga lögheimili og hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga búsetuheimili hér á landi.

Reglur Reykjavíkurborgar um systkinaafslátt gera ráð fyrir að öll börnin séu með sama lögheimili í þjóðskrá. Kerfi Reykjavíkurborgar (Völukerfin) sem halda utan um gjöld og afslætti eru útfærð með þeim hætti að systkinaafsláttur er veittur í þeim tilvikum þar sem systkini hafa sama lögheimili. Sama gildir um reglur um leikskólaþjónustu. Þrátt fyrir skýran vilja reyndist ekki unnt að gera breytingar á Völu frístund þannig að hægt yrði að veita afsláttinn án umsóknar foreldra systkina í skiptri búsetu og því þótti rétt til að tefja ekki málið að leggja til að foreldrum yrði gert kleift að sækja um afsláttinn.

Skóla- og frístundasvið sendi umsókn á Þjóðskrá Ísland til sérvinnslu til að finna út heildarfjölda systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu í dag og fjöldi systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu en ekki með sama lögheimili. Samkvæmt svari Þjóðskrár var heildarfjöldi systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu á þeim tíma 102 og fjöldi systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu en ekki með sama lögheimili 45. Þetta eru 29 systkinahópar. Í raun þarf að skoða aðstæður hvers nemandar fyrir sig, hvernig búsetu er fyrirkomandi og hvaða þjónustu hann sækir og tengja það systkinum til að átta sig á fullkomlega á mögulegum viðbótarafslætti.

Að meðaltali eru 3,5 systkini í hverjum hópi ($102/29=3,5$). Ef gert er ráð fyrir að viðbótarafsláttur fyrir 45 systkini taki til 32 einstaklinga og miðum við viðbótarafslátt vegna átta klukkustunda vistun í leikskóla. Í slíku dæmi er áætlaður kostnaður eru 6,3 milljónir ($32 \times 17.832 \times 11=6.276.684$). Það eru margar forsendur sem þarf að gefa sér en miðað að uppgjefinn fjöldi sé réttur þá má gera ráð fyrir að kostnaður vegna breytingarinnar nemi 5 til 10 milljónir kr. á ársgrundvelli. Kostnaður rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Nú þegar er búið að samþykka að breyta reglum um leikskólaþjónustu til samræmis við þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umgjörð, umsókn og innritun í frístundaheimili Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir dvölinu. Gr. 1.c. og gr. 9 fjalla jafnframt um frístundaheimili í sjálfstætt reknnum grunnskólum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

Almennt um frístundaheimili

Reykjavíkurborg starfrækir frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk í grunnskólum borgarinnar. Á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er yfirlit yfir öll frístundaheimili borgarinnar ásamt nánari upplýsingum um staðsetningu, netföng og símanúmer. Þau starfa samkvæmt [Starfskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs](#).

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun

Á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra bjóða frístundaheimili upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Á sumrin bjóða frístundaheimili upp á þjónustu allan daginn, viku í senn.

Um skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili má sjá nánar í 2. gr. þessara reglna.

Skráning í vetrarstarf frístundaheimilanna fer fram á vef Reykjavíkurborgar, [Mínar síður](#) og skráning í sumarstarf fer fram á sumar.fristund.is. Leita má eftir aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um dvöl á frístundaheimili í öllum frístundamiðstöðvum og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111. Ef foreldrar búa ekki saman en fara sameiginlega með forsjá barns sækir það foreldri sem barn á lögheimili hjá um frístundaheimili.

Í janúar/febrúar ár hvert eru sendar upplýsingar um starfsemi frístundaheimila til foreldra þeirra barna sem eru að fara í 1.-4. bekk næsta skólaár og eru með lögheimili í Reykjavík. Í febrúar hefst innritun fyrir komandi skólaár. Áður en sótt er um dvöl í frístundaheimili þurfa börnin að vera rafrænt innrituð í viðkomandi grunnskóla. Foreldrar eru hvattir til þess að sækja um frístundaheimili fyrir 1. maí ár hvert.

Gert er ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir á frístundaheimili fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna fáliðunar, er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er

hægt að bjóða öllum börnum í 2. bekk dvöl, stærri hóp boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verði börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst. Nánari umfjöllun um forgang er að finna í 4. gr. þessara reglna. Í Guluhlíð gilda sömu reglur um inntöku barna ef tafir verða á þjónustu eins og í sértæku félagsmiðstöðvastarfi, sjá 6. mgr. í gr. 1.a í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva.

Þegar sótt hefur verið um dvöl á frístundaheimili fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Skráning í sumarfrístund hefst í apríl ár hvert. [Framboð á plássum í sumarfrístund fer eftir fjárhagsáætlun hvers árs. Ef umsóknir eru umfram framboð hverju sinni er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna. Skrá þarf barn eigi síðar en kl. 12:00 á fimmtudegi föstudegi til að það geti fengið þjónustu í vikunni á eftir. Við skráningu fara allar umsóknir á bið. Umsóknir eru afgreiddar í þeirri röð sem þær berast, en þó þarf fyrst að taka tillit til barna sem fá samþykktan forgang. geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru látin vita ef börnin komast inn af biðlista.](#)

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi frístundaheimila

Frístundaheimili eru rekin á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra til samræmis við það sem kemur fram hér að neðan. Fyrsti opnunardagur að hausti er daginn eftir skólasetningu og síðasti dagurinn er daginn fyrir skólaslit.

Frístundaheimili eru opin yfir vetrartímann frá kl. 13:40 til kl. 17:00. Börnin eru á ábyrgð skóla þar til starfsfólk frístundaheimila tekur við þeim.

Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími frístundaheimila að miklu leyti skipulagður út frá því.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga, aðra en helgidaga, gildir eftirfarandi:

- Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 08:00-17:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. Á aðfangadag og gamlársdag er lokað.
- Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst starfsemi frístundaheimilis á hefðbundnum tíma nema um annað sé samið og að af því stafi ekki kostnaðarauki fyrir frístundaheimili. Óhefðbundnir skóladagar, s.s. íþrótt- og útivistardagar, þemadagar, jólaskemmtanir, námsmats eða prófdagar, vorferðir og fl. geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið.
- Frístundaheimilin eru lokað í vetrarfríum grunnskólanna. Þá bjóða frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna.
- Frístundaheimilin eru lokað á skólasetningar- og skólaslitadögum.
- Starfsdagar/skipulagsdagar frístundaheimila eru þrír á almanaksárinu. Þá daga eru



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

frístundaheimilin lokuð.

Tilgreindir frídagar og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjaldtöku fyrir utan það að sérstakt gjald er tekið fyrir þjónustu fyrir hádegi á frídögum grunnskóla, skv. lið a hér að ofan. Sjá nánar um gjaldtöku í gr. 6.a í reglum þessum.

Á sumrin er boðið upp á sumarfrístund frá kl. 8:30-16:30. Leitast er við að samræma sumarfrístund við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir sumarfrístund.

Frístundaheimili sem bjóða upp á sumarfrístund eru lokuð í fjórar vikur yfir sumarið nema frístundaheimilið Gulahlíð við Klettaskóla sem er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustuþörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

1.c Frístundaheimili í sjálfstætt starfandi skólum

Í sjálfstætt reknun grunnskólum í Reykjavík sjá skólarnir sjálfir um þjónustu við börn eftir skólatíma. Framlag vegna dvalar reykvískra barna á frístundaheimilum í sjálfstætt reknun grunnskólum í Reykjavík er samkvæmt samningum þar um.

2. Skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili

Skilyrði fyrir dvöl barna á frístundaheimilum er að barnið stundi nám í þeim grunnskóla sem frístundaheimilið starfar við, hvort sem um er að ræða vetur eða sumar, og að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna dvalar barns/barna þeirra á frístundaheimili (sjá kafla 7.a). Ef enn eru pláss í sumarfrístund eftir að búið er að afgreiða allar umsóknir barna sem eru skráð í þann grunnskóla sem frístundaheimilið starfar við, er unnt að veita öðrum börnum aðgang að sumarfrístund.

3. Flutningur milli frístundaheimila

Ef barn flyst milli skóla í Reykjavík áður en starfsemi frístundaheimila hefst að hausti má færa umsókn á milli frístundaheimila með því að hafa samband við það frístundaheimili sem barnið var upphaflega skráð í. Umsóknir raðast í sömu tímaröð og áður og eru afgreiddar samkvæmt því, elsta umsóknin fyrst, sjá þó 6. mgr. í gr. 1.a. og gr. 4 um forgang.

4. Forgangur í frístundaheimili

Sækja má um forgang að frístundaheimili fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því, sjá hér að neðan. Umsóknum um forgang skal skila til forstöðumanns frístundaheimilis á þar til gerðu [eyðublaði](#).

Börn með forgang innritast í samræmi við tímasetningu umsóknar, elsta umsókn fyrst.

Hægt er að sækja um forgang á frístundaheimili vegna:

- a) **Barna sem vegna fötlunar eða langvarandi veikinda þurfa á sértekum stuðningi að halda og eru skilgreind í umönnunarflokki 1, 2 eða 3 [samkvæmt skilgreiningu Truvgingarstofnunar ríkisins](#).** Forsendur fyrir forgangi eru að unnin hafi verið einstaklingsáætlun af frístundaheimili og foreldri og samþykkt af þekkingarmiðstöð í



málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Forgangur er háður því að búið sé að ráða starfsfólk til að sinna sértækum stuðningi. Forstöðumaður frístundaheimilis ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna vegna barna sem njóta forgangs vegna fötlunar eða langvarandi veikinda.

- b) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn miðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna ~~geta svo og námsráðgjafar eða deildarstjórar yngsta stígs grunnskóla,~~ með samþykki foreldra, geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.
- c) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva borgarinnar.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þess frístundaheimilis þar sem barnið mun dvelja. Forgangur fellur úr gildi láti starfsmaður af störfum og gilda þá sömu reglur um hann og aðra við innritun. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Umsóknir um forgang skulu afgreiddar innan 14 daga. Þegar umsókn um forgang hefur verið samþykkt fær foreldri þjónustu fyrir barnið á frístundaheimili um leið og aðstæður leyfa til samræmis við reglur þessar. Ef til stendur að synja umsókn skal tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal forstöðumaður tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Ekki er veittur forgangur í sumarfrístund.

5. Dvöl og uppsögn

Foreldrar fá tilkynningu með tölvupósti þegar þeir hafa fengið þjónustu fyrir barn sitt og þurfa þeir innan þriggja daga að staðfesta að þeir þiggi þjónustuna með því að smella á hlekk í tölvupóstinum. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan þess tíma er öðrum boðið plássíð.

Með staðfestingu í rafrænni umsókn staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá fyrir frístundaheimilin og reglur um þjónustu frístundaheimila og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðarmót. Uppsögn skal í öllum tilfellum vera rafræn inni á [Mínum síðum](#), eða með tölvupósti til forstöðumanns frístundaheimilis.

Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Allar breytingar þarf að gera á [Mínum síðum](#) eða berast forstöðumanni frístundaheimilis með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.

5.1 Sumarstarf frístundaheimila

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk að uppfylltum skilyrðum 2. gr. þessara reglna.

6. Gjaldtaka

Gjaldskrá fyrir frístundaheimili og sumarstarf frístundamiðstöðva er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu dvalargjalda.

6.a Gjaldtaka fyrir vetrarstarf

Gjald fyrir þjónustu frístundaheimila og fyrir síðdegishressingu á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er birt á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir dvöl á frístundaheimilum. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í samræmi við þá daga sem börn þeirra dvelja á frístundaheimilum. Einnig greiða foreldrar fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimili frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri hluta dagsins. Skráning á langa daga er bindandi eftir að frestur til skráningar rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Nota má frístundakort upp í greiðslu dvalargjalda á frístundaheimili yfir vetrarmánuðina.

6.b Afsláttur af dvalargjaldi í vetrarstarfi

Afsláttur af fullu dvalargjaldi fyrir börn sín á frístundaheimili fá starfsmenn frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#)
- Starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð á viku
- Framvísa staðfestingu forstöðumanns frístundaheimilis/sértækrar félagsmiðstöðvar sem starfsmaður vinnur á um að hann sé starfsmaður með rétt á afslætti

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni á frístundaheimili barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/í sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í frístundaheimili barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt

af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna. Umsókn um afslátt þarf að endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknunum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna skráningar á langa daga.

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama lögheimili/lögheimilistengsl í Þjóðskrá.

[Foreldrar systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, sem öll eru með lögheimili í Reykjavík, að uppfylltum framangreindum skilyrðum geta sótt um framangreindan systkinaafslátt á þar til gerðri umsókn. Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá um skipta búsetu og báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn. Í þessum tilfellum er miðað við forsjárskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla.](#)

Börnum í 1.-4. bekk sem uppfylla skilyrði til skráningar í frístundaheimili, hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl á frístundaheimili. Ekki þarf að greiða fyrir síðdegishressingu en greiða verður fyrir viðbótarþjónustu á löngum dögum. Dvölin þessa þrjá mánuði þarf að vera samfelld, ef sumarmánuði koma á milli getur gjaldfrjáls þjónustan haldið áfram næsta vetur þar til þrem mánuðum er náð. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#). Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn í frístundaheimili. [Ef um er að ræða systkinaafslátt barna í skiptri búsetu foreldra lækka gjöld þess foreldris er greiðir gjöldin.](#)

Afsláttur er ekki veittur afturvirkir og miðast við þann dag sem gögnum er skilað til forstöðumanns frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar og öllum skilyrðum er fullnægt. Þó er heimilt að leiðréttu gjöld einn mánuð afturvirkir ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting gjalda kemur þá til frádráttar gjöldum næsta mánaðar. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.c Gjaldtaka í sumarstarfi

Gjald fyrir þjónustu sumarfrístundar er samkvæmt gjaldskrá eins og hún er birt á hverjum tíma á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is.

Ekki er boðið upp á hressingu í sumarstarfinu nema annað sé tekið fram og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman.

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfinu, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundaheimilis/frístundamiðstöðvar að minnsta kosti ellefu dögum ~~viku~~ fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu. Ef veikindi hamla þátttöku barns í sumarfrístund er námskeiðsgjald fellt niður gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns frístundaheimilisins eða viðkomandi frístundamiðstöðvar.

6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar vegna systkina sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afsláttur reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. [Sækja þarf um afsláttinn ef um er að ræða börn foreldra í skiptri búsetu foreldranna, sjá nánar í 5. mgr. í gr. 6.d í reglunum.](#)

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í sumarfrístund.

Börnum í 1. – 4. bekk sem hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða að taka þátt í sumarstarfi þrjár vikur án endurgjalds í sumarfrístund að uppfylltum skilyrðum í 2. gr. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#) ([sjá eyðublað á fleiri tungumálum](#)). Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

7. Innheimta dvalargjalda, vanskil og uppsögn

Dvalargjöld eru innheimt eftir á með kröfu í netbanka. Vilji greiðandi fá greiðsluseðil í pósti þarf hann að óska eftir því við Þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Skráning fyrir hádegi á frístundaheimili er bindandi og er gjald fyrir þá dvöl innheimt eftir á.

7.a Innheimtuferli vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtuleglum Reykjavíkurborgar.

Ef gjöld eru ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbref.

Hafi skuld ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um greiðslu við það.

Krafa um skuldagreiðslu sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá

gjaldþaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjaldþaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

7.b Uppsögn

Uppsögn á dvöl og fækkun daga á frístundaheimili þarf að berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi um næstu mánaðamót. Umsókn um fjölgun daga getur farið fram hvenær sem er. Tilkynnt er um uppsögn og breytingar á dvalartíma á [Mínum síðum](#) á vef Reykjavíkurborgar eða með tölvupósti til forstöðumanns.

Í sumarfrístund þarf að afskrá barn með tölvupósti til frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar [ellefu dögum](#) áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Hafi greiðsla gjalda ekki borist 110 dögum frá gjaldþaga áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til þess að segja upp samningi um dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund. Gildir þá einu þó skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreind skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um greiðslu eldri skulda svo að yngra barn þeirra geti hafið dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund, en í því felst m.a. að sviðinu er heimilt að segja upp dvöl yngra barns, sé ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Fylgt er verklagi um aukna þjónustu við foreldra sem skulda og beinir starfsfólk skóla- og frístundasviðs þeim í ráðgjöf til miðstöðva. Sjá nánar: [Verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn](#).

8. Veikindi barns

Geti barn ekki sótt frístundaheimili vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknavottorðs. Sækja verður um afslátt vegna veikinda innan þriggja mánaða frá því að barn veikist. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa forstöðumann viðkomandi frístundaheimilis um að barnið hafi að nýju fengið þjónustu á frístundaheimili eftir veikindi. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta gjöld afturvirkir komi í ljós að veikindaafsláttur hafi verið veittur eftir að barn hóf að nýju dvöl á frístundaheimili.

Í sumarfrístund eru ekki felld niður dvalargjöld vegna veikinda nema gegn framvísun læknavottorðs til forstöðumanns/frístundamiðstöðvar.

9. Stuðningur

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika á

frístundaheimili fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfsfólk frístundaheimila hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings sem unnin er í samvinnu við barnið, foreldra, deildarstjóra barnastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef barn sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi dvelur á frístundaheimili Reykjavíkurborgar og þarf á sértækum stuðningi að halda, þá þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Um framlag Reykjavíkurborgar vegna barna, sem eru með lögheimili í Reykjavík og njóta sértæks stuðnings í frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla eða grunnskóla utan Reykjavíkur, gilda sömu reglur og fjárhæðir og vegna barna í frístundaheimilum sem rekin eru af Reykjavíkurborg.

10. Húsnæði

Skóla- og frístundasvið leigir af fjármála- og áhættustýringarsviði sérrými frístundaheimilis í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýtt eru með grunnskóla.

Ef aðstaða fyrir frístundaheimili er ófullnægjandi í grunnskóla skal fjármála- og áhættustýringarsvið útvega annað viðeigandi húsnæði.

11. Samstarf

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð frístundaheimilis og viðkomandi grunnskóla. Skólastjórnendur kynna að vori skóladagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni frístundaheimilis og forstöðumaður kynnir starfsemi frístundaheimilisins fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingarstreymi skal vera á milli grunnskóla og frístundaheimilis og reglulegir fundir. Skóli veitir forstöðumanni frístundaheimilis frístundaaðgang í Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um starfssemi frístundaheimilis og annað frístundastarf til foreldra. Skal framangreint vera til samræmis við lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eftir því sem við á.

Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. gr. reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundi vegna 6-9 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi frístundaheimilis.

Forstöðumaður frístundaheimilis situr fundi leikskóla með grunnskóla vegna miðlunar nauðsynlegra persónuupplýsinga vegna skólagöngu barna með samþykki foreldra. Samstarf er við

leikskólastjóra um að fá samþykki foreldra fyrir því að forstöðumaður sitji skilafund vegna barna

sem gætu þurft á stuðningi að halda á frístundaheimili. Þetta er gert til að tryggja samfellu í þjónustu við barnið og fjölskyldu þess.

Frístundaheimili skulu leita eftir samstarfi við aðra aðila sem veita börnum tómstundaþjónustu í sama hverfi með það að markmiði að börnin geti notið hennar á dvalartíma frístundaheimila.

12. Mannauður

Hver starfsmaður frístundaheimilis skal að jafnaði hafa umsjón með 13 börnum 1. bekk og 16 börnum í 2.-4. bekk í vetrarstarfi en í sumarstarfi frístundaheimila skulu starfsmenn að jafnaði hafa umsjón með 8-10 börnum.

Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns í vetrarstarfi skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma frístundaheimilisins.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður (þar sem hann er starfandi) skulu hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tómstunda- og félagsmálafræða. Frístundaráðgjafar skulu hafa háskólamenntun. Frístundaleiðbeinendur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.

Skólar og frístundaheimili leitist við að eiga samvinnu um að ráða starfsmenn sem geta gegnt starfi í skóla sem og á frístundaheimili.

13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017 og með þeim fellur úr gildi borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila, sem var staðfest í borgarráði 4. mars 2010.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 og í borgarráði þann 19. október 2017.

Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. apríl 2019 og í borgarráði þann 2. maí 2019. Breytingar varðandi eitt námsgjald í 3. mgr. í gr. 6.b gilda frá 1. janúar 2019. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. júní 2020 og í borgarráði þann 7. janúar 2021. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 6. febrúar 2023 og í borgarráði þann 16. febrúar 2023. [Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann \[dags.\] og í borgarráði þann \[dags.\]](#).



Reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umgjörð, umsókn og innritun í frístundaheimili Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir dvölinu. Gr. 1.c. og gr. 9 fjalla jafnframt um frístundaheimili í sjálfstætt reknunum grunnskólum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

Almennt um frístundaheimili

Reykjavíkurborg starfrækir frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk í grunnskólum borgarinnar. Á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er yfirlit yfir öll frístundaheimili borgarinnar ásamt nánari upplýsingum um staðsetningu, netföng og símanúmer. Þau starfa samkvæmt [Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs](#).

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun

Á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra bjóða frístundaheimili upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Á sumrin bjóða frístundaheimili upp á þjónustu allan daginn, viku í senn.

Um skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili má sjá nánar í 2. gr. þessara reglna.

Skráning í vetrarstarf frístundaheimilanna fer fram á vef Reykjavíkurborgar, [Mínar síður](#) og skráning í sumarstarf fer fram á sumar.fristund.is. Leita má eftir aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um dvöl á frístundaheimili í öllum frístundamiðstöðvum og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111. Ef foreldrar búa ekki saman en fara sameiginlega með forsjá barns sækir það foreldri sem barn á lögheimili hjá um frístundaheimili.

Í janúar/febrúar ár hvert eru sendar upplýsingar um starfsemi frístundaheimila til foreldra þeirra barna sem eru að fara í 1.-4. bekk næsta skólaár og eru með lögheimili í Reykjavík. Í febrúar hefst innritun fyrir komandi skólaár. Áður en sótt er um dvöl í frístundaheimili þurfa börnin að vera rafrænt innrituð í viðkomandi grunnskóla. Foreldrar eru hvattir til þess að sækja um frístundaheimili fyrir 1. maí ár hvert.

Gert er ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir á frístundaheimili fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna fáliðunar, er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er



hægt að bjóða öllum börnum í 2. bekk dvöl, stærri hóp boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verði börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst. Nánari umfjöllun um forgang er að finna í 4. gr. þessara reglna. Í Guluhlíð gilda sömu reglur um inntöku barna ef tafir verða á þjónustu eins og í sértæku félagsmiðstöðvastarfi, sjá 6. mgr. í gr. 1.a í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva.

Þegar sótt hefur verið um dvöl á frístundaheimili fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Skráning í sumarfrístund hefst í apríl ár hvert. Skrá þarf barn eigi síðar en kl. 12:00 á föstudegi til að það geti fengið þjónustu í vikunni á eftir. Við skráningu geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru látnir vita ef börnin komast inn af biðlista.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi frístundaheimila

Frístundaheimili eru rekin á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra til samræmis við það sem kemur fram hér að neðan. Fyrsti opnunardagur að hausti er daginn eftir skólasetningu og síðasti dagurinn er daginn fyrir skólaslit.

Frístundaheimili eru opin yfir vetrartímann frá kl. 13:40 til kl. 17:00. Börnin eru á ábyrgð skóla þar til starfsfólk frístundaheimila tekur við þeim.

Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími frístundaheimila að miklu leyti skipulagður út frá því.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga, aðra en helgidaga, gildir eftirfarandi:

- a. Á frídögum, í jólafrí, páskafrí og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 08:00-17:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. Á aðfangadag og gamlársgangur er lokað.
- b. Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst starfsemi frístundaheimilis á hefðbundnum tíma nema um annað sé samið og að af því stafi ekki kostnaðarauki fyrir frístundaheimili. Óhefðbundnir skóladagar, s.s. íþrótt- og útivistardagar, þemadagar, jólaskemmtanir, námsmats eða prófdagar, vorferðir og fl. geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið.
- c. Frístundaheimilin eru lokað í vetrarfríum grunnskólanna. Þá bjóða frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna.
- d. Frístundaheimilin eru lokað á skólasetningar- og skólaslitadögum.
- e. Starfsdagar/skipulagsdagar frístundaheimila eru þrír á almanaksárinu. Þá daga eru frístundaheimilin lokað.



Tilgreindir frídagar og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjaldtöku fyrir utan það að sérstakt gjald er tekið fyrir þjónustu fyrir hádegi á frídögum grunnskóla, skv. lið a hér að ofan. Sjá nánar um gjaldtöku í gr. 6.a í reglum þessum.

Á sumrin er boðið upp á sumarfrístund frá kl. 8:30-16:30. Leitast er við að samræma sumarfrístund við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir sumarfrístund.

Frístundaheimili sem bjóða upp á sumarfrístund eru lokuð í fjórar vikur yfir sumarið nema frístundaheimilið Gulahlíð við Klettaskóla sem er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustupörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

1.c Frístundaheimili í sjálfstætt starfandi skólum

Í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík sjá skólarnir sjálfir um þjónustu við börn eftir skólatíma. Framlag vegna dvalar reykvískra barna á frístundaheimilum í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík er samkvæmt samningum þar um.

2. Skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili

Skilyrði fyrir dvöl barna á frístundaheimilum er að barnið stundi nám í þeim grunnskóla sem frístundaheimilið starfar við, hvort sem um er að ræða vetur eða sumar, og að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna dvalar barns/barna þeirra á frístundaheimili (sjá kafla 7.a). Ef enn eru laus pláss í sumarfrístund eftir að búið er að afgreiða allar umsóknir barna sem eru skráð í þann grunnskóla sem frístundaheimilið starfar við, er unnt að veita öðrum börnum aðgang að sumarfrístund.

3. Flutningur milli frístundaheimila

Ef barn flyst milli skóla í Reykjavík áður en starfsemi frístundaheimila hefst að hausti má færa umsókn á milli frístundaheimila með því að hafa samband við það frístundaheimili sem barnið var upphaflega skráð í. Umsóknir raðast í sömu tímaröð og áður og eru afgreiddar samkvæmt því, elsta umsóknin fyrst, sjá þó 6. mgr. í gr. 1.a. og gr. 4 um forgang.

4. Forgangur í frístundaheimili

Sækja má um forgang að frístundaheimili fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því, sjá hér að neðan. Umsóknum um forgang skal skila til forstöðumanns frístundaheimilis á þar til gerðu [eyðublaði](#).

Börn með forgang innritast í samræmi við tímasetningu umsóknar, elsta umsókn fyrst.

Hægt er að sækja um forgang á frístundaheimili vegna:

- a) **Barna sem vegna fötlunar eða langvarandi veikinda þurfa á sértækum stuðningi að halda og eru skilgreind í umönnunarflokki 1, 2 eða 3 [samkvæmt skilgreiningu Tryggingarstofnunar ríkisins](#).** Forsendur fyrir forgangi eru að unnin hafi verið einstaklingsáætlun af frístundaheimili og foreldri og samþykkt af þekkingarmiðstöð í



málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Forgangur er háður því að búið sé að ráða starfsfólk til að sinna sértækum stuðningi. Forstöðumaður frístundaheimilis ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna vegna barna sem njóta forgangs vegna fötlunar eða langvarandi veikinda.

- b) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn miðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna svo og námsráðgjafar eða deildarstjórar yngsta stigs grunnskóla, með samþykki foreldra, geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.
- c) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva borgarinnar.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þess frístundaheimilis þar sem barnið mun dvelja. Forgangur fellur úr gildi láti starfsmaður af störfum og gilda þá sömu reglur um hann og aðra við innritun. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Umsóknir um forgang skulu afgreiddar innan 14 daga. Þegar umsókn um forgang hefur verið samþykkt fær foreldri þjónustu fyrir barnið á frístundaheimili um leið og aðstæður leyfa til samræmis við reglur þessar. Ef til stendur að synja umsókn skal tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal forstöðumaður tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Ekki er veittur forgangur í sumarfrístund.

5. Dvöl og uppsögn

Foreldrar fá tilkynningu með tölvupósti þegar þeir hafa fengið þjónustu fyrir barn sitt og þurfa þeir innan þriggja daga að staðfesta að þeir þiggi þjónustuna með því að smella á hlekk í tölvupóstinum. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan þess tíma er öðrum boðið plássíð.

Með staðfestingu í rafrænni umsókn staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá fyrir frístundaheimilin og reglur um þjónustu frístundaheimila og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðarmót. Uppsögn skal í öllum tilfellum vera rafræn inni á [Mínum síðum](#), eða með tölvupósti til forstöðumanns frístundaheimilis.

Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Allar breytingar þarf að gera á [Mínum síðum](#) eða berast forstöðumanni frístundaheimilis með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.



5.1 Sumarstarf frístundaheimila

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk að uppfylltum skilyrðum 2. gr. þessara reglna.

6. Gjaldtaka

Gjaldskrá fyrir frístundaheimili og sumarstarf frístundamiðstöðva er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu dvalargjalda.

6.a Gjaldtaka fyrir vetrarstarf

Gjald fyrir þjónustu frístundaheimila og fyrir síðdegishressingu á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er birt á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir dvöl á frístundaheimilum. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í samræmi við þá daga sem börn þeirra dvelja á frístundaheimilum. Einnig greiða foreldrar fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimili frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri hluta dagsins. Skráning á langa daga er bindandi eftir að frestur til skráningar rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Nota má frístundakort upp í greiðslu dvalargjalda á frístundaheimili yfir vetrarmánuðina.

6.b Afsláttur af dvalargjaldi í vetrarstarfi

Afslátt af fullu dvalargjaldi fyrir börn sín á frístundaheimili fá starfsmenn frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#)
- Starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð á viku
- Framvísa staðfestingu forstöðumanns frístundaheimilis/sértækrar félagsmiðstöðvar sem starfsmaður vinnur á um að hann sé starfsmaður með rétt á afslætti

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni á frístundaheimili barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/í sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í frístundaheimili barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt

af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna. Umsókn um afslátt þarf að endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna skráningar á langa daga.

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama lögheimili/lögheimilistengsl í þjóðskrá.

Börnum í 1.-4. bekk sem uppfylla skilyrði til skráningar í frístundaheimili, hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl á frístundaheimili. Ekki þarf að greiða fyrir síðdegishressingu en greiða verður fyrir viðbótarþjónustu á löngum dögum. Dvölin þessa þrjá mánuði þarf að vera samfelld, ef sumarmánuðir koma á milli getur gjaldfrjáls þjónustan haldið áfram næsta vetur þar til þrem mánuðum er náð. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu eyðublaði. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn í frístundaheimili.

Afsláttur er ekki veittur afturvirk og miðast við þann dag sem gögnum er skilað til forstöðumanns frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar og öllum skilyrðum er fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta gjöld einn mánuð afturvirk ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting gjalda kemur þá til frádráttar gjöldum næsta mánaðar. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.c Gjaldtaka í sumarstarfi

Gjald fyrir þjónustu sumarfrístundar er samkvæmt gjaldskrá eins og hún er birt á hverjum tíma á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is.

Ekki er boðið upp á hressingu í sumarstarfinu nema annað sé tekið fram og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman.

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfinu, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundaheimilis/frístundamiðstöðvar að minnsta kosti viku fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu. Ef veikindi hamla þátttöku barns í sumarfrístund er námskeiðsgjald fellt niður gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns frístundaheimilisins eða viðkomandi frístundamiðstöðvar.

6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar vegna systkina sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afsláttur reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins.

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í sumarfrístund.

Börnum í 1. – 4. bekk sem hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða að taka þátt í sumarstarfi þrjár vikur án endurgjalds í sumarfrístund að uppfylltum skilyrðum í 2. gr. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#) ([sjá eyðublað á fleiri tungumálum](#)). Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

7. Innheimta dvalargjalda, vanskil og uppsögn

Dvalargjöld eru innheimt eftir á með kröfu í netbanka. Vilji greiðandi fá greiðsluseðil í pósti þarf hann að óska eftir því við Þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Skráning fyrir hádegi á frístundaheimili er bindandi og er gjald fyrir þá dvöl innheimt eftir á.

7.a Innheimtuferli vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtuleglum Reykjavíkurborgar.

Ef gjöld eru ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf.

Hafi skuld ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um greiðslu við það.

Krafa um skuldagreiðslu sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

7.b Uppsögn

Uppsögn á dvöl og fækkun daga á frístundaheimili þarf að berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi um næstu mánaðamót. Umsókn um fjölgun daga getur farið fram hvenær sem er. Tilkynnt er um uppsögn og breytingar á dvalartíma á [Mínum síðum](#) á vef Reykjavíkurborgar eða með tölvupósti til forstöðumanns.

Í sumarfrístund þarf að afskrá barn með tölvupósti til frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar viku áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Hafi greiðsla gjalda ekki borist 110 dögum frá gjalddaga áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til þess að segja upp samningi um dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund. Gildir þá einu þó skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreind skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um greiðslu eldri skulda svo að yngra barn þeirra geti hafið dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund, en í því felst m.a. að sviðinu er heimilt að segja upp dvöl yngra barns, sé ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Fylgt er verklagi um aukna þjónustu við foreldra sem skulda og beinir starfsfólk skóla- og frístundasviðs þeim í ráðgjöf til miðstöðva. Sjá nánar: [Verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn.](#)

8. Veikindi barns

Geti barn ekki sótt frístundaheimili vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknavottorðs. Sækja verður um afslátt vegna veikinda innan þriggja mánaða frá því að barn veikist. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa forstöðumann viðkomandi frístundaheimilis um að barnið hafi að nýju fengið þjónustu á frístundaheimili eftir veikindi. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta gjöld afturvirkkt komi í ljós að veikindaafsláttur hafi verið veittur eftir að barn hóf að nýju dvöl á frístundaheimili.

Í sumarfrístund eru ekki felld niður dvalargjöld vegna veikinda nema gegn framvísun læknavottorðs til forstöðumanns/frístundamiðstöðvar.

9. Stuðningur

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika á frístundaheimili fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfsfólk frístundaheimila hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert

barn sem nýtur stuðnings sem unnin er í samvinnu við barnið, foreldra, deildarstjóra barnastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef barn sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi dvelur á frístundaheimili Reykjavíkurborgar og þarf á sértækum stuðningi að halda, þá þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Um framlag Reykjavíkurborgar vegna barna, sem eru með lögheimili í Reykjavík og njóta sértæks stuðnings í frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla eða grunnskóla utan Reykjavíkur, gilda sömu reglur og fjárhæðir og vegna barna í frístundaheimilum sem rekin eru af Reykjavíkurborg.

10. Húsnæði

Skóla- og frístundasvið leigir af fjármála- og áhættustýringarsviði sérrými frístundaheimilis í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýtt eru með grunnskóla.

Ef aðstaða fyrir frístundaheimili er ófullnægjandi í grunnskóla skal fjármála- og áhættustýringarsvið útvega annað viðeigandi húsnæði.

11. Samstarf

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð frístundaheimilis og viðkomandi grunnskóla. Skólastjórnendur kynna að vori skóladagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni frístundaheimilis og forstöðumaður kynnir starfsemi frístundaheimilisins fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingarstreymi skal vera á milli grunnskóla og frístundaheimilis og reglulegir fundir. Skóli veitir forstöðumanni frístundaheimilis frístundaaðgang í Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um starfssemi frístundaheimilis og annað frístundastarf til foreldra. Skal framangreint vera til samræmis við lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eftir því sem við á.

Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. gr. reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundi vegna 6-9 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi frístundaheimilis.

Forstöðumaður frístundaheimilis situr fundi leikskóla með grunnskóla vegna miðlunar nauðsynlegra persónuupplýsinga vegna skólagöngu barna með samþykki foreldra. Samstarf er við leikskólastjóra um að fá samþykki foreldra fyrir því að forstöðumaður sitji skilafund vegna barna



sem gætu þurft á stuðningi að halda á frístundaheimili. Þetta er gert til að tryggja samfellu í þjónustu við barnið og fjölskyldu þess.

Frístundaheimili skulu leita eftir samstarfi við aðra aðila sem veita börnum tómstundaþjónustu í sama hverfi með það að markmiði að börnin geti notið hennar á dvalartíma frístundaheimila.

12. Mannauður

Hver starfsmaður frístundaheimilis skal að jafnaði hafa umsjón með 13 börnum 1. bekk og 16 börnum í 2.-4. bekk í vetrarstarfi en í sumarstarfi frístundaheimila skulu starfsmenn að jafnaði hafa umsjón með 8-10 börnum.

Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns í vetrarstarfi skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma frístundaheimilisins.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður (þar sem hann er starfandi) skulu hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tómstunda- og félagsmálafræða. Frístundaráðgjafar skulu hafa háskólamenntun. Frístundaleiðbeindur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.

Skólar og frístundaheimili leitist við að eiga samvinnu um að ráða starfsmenn sem geta gegnt starfi í skóla sem og á frístundaheimili.

13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017 og með þeim fellur úr gildi borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila, sem var staðfest í borgarráði 4. mars 2010.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 og í borgarráði þann 19. október 2017.

Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. apríl 2019 og í borgarráði þann 2. maí 2019. Breytingar varðandi eitt námsgjald í 3. mgr. í gr. 6.b gilda frá 1. janúar 2019. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. júní 2020 og í borgarráði þann 7. janúar 2021. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 6. febrúar 2023 og í borgarráði þann 16. febrúar 2023.

Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um starfsemi félagsmiðstöðva og umsókn og innritun í sértækt félagsmiðstöðvastarf Reykjavíkurborgar. Einnig ná reglurnar til gjaldtöku og innheimtu fyrir þátttöku í félagsmiðstöðvum og sértæku félagsmiðstöðvastarfi borgarinnar. Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérлага eftir því sem við á. Börn er hér notað yfir börn og unglunga 10-16 ára.

Almennt um félagsmiðstöðvar

Reykjavíkurborg starfrækir félagsmiðstöðvar fyrir börn í 5.-10. bekk í grunnskólum í Reykjavík og er gert ráð fyrir félagsmiðstöð í tengslum við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar sem hafa unglingastig.

Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is, er yfirlit yfir allar félagsmiðstöðvar borgarinnar ásamt nánari upplýsingum um staðsetningu, netföng og símanúmer.

Börn í 5.-7. bekk grunnskóla sem ekki eru með unglingadeildir geta sótt félagsmiðstöðvastarf sem tengist þeim grunnskóla sem þau geta sótt á unglingastigi.

Í sértækum félagsmiðstöðvum er boðið upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglunga. Þar er opið eftir að skóladegi lýkur til kl. 17:00 alla virka daga og allan daginn í skólafríum. [Sjá hér nánari upplýsingar um sértækar félagsmiðstöðvar í Reykjavík.](#)

Félagsmiðstöðvar sinna reglulega vettvangsstarfi innan og utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga með það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglunga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi.

Félagsmiðstöðvar starfa samkvæmt [Starfskrá frístundamiðstöðva](#) skóla- og frístundasviðs.

Börn í sjálfstætt reknunum grunnskólum geta sótt félagsmiðstöðvastarf í því hverfi sem þau búa í eða í þá félagsmiðstöð sem er starfandi í sama hverfi og viðkomandi skóli.

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun og þátttaka

Skráning í gjaldskjalt starf félagsmiðstöðva fer að jafnaði fram á vef Reykjavíkurborgar, [Mínar síður](#) og á sumar.fristund.is. Leita má eftir aðstoð við rafræna umsókn á öllum frístundamiðstöðvum og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Almennt félagsmiðstöðvastarf

Ekki þarf að skrá sig í almennt félagsmiðstöðvastarf nema í undantekningartilvikum, s.s. ef um er að ræða klúbba- eða hópastarf, ferðir, námskeið/smiðjur eða afmörkuð viðfangsefni. Í flestum tilvikum skrá börnin sig sjálf til þátttöku og þá hjá starfsfólki eða rafrænt gegnum vefmiðla.

Skráning í sumarsmiðjur félagsmiðstöðva fyrir 10-12 ára börn hefst í maí og lýkur þegar fjöldaviðmiðum er náð eða þegar smiðja hefst.

Sértækt félagsmiðstöðvarstarf

Foreldrar barna sem eru í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar ríkisins og eru að fara í 5. bekk næsta skólaár fá kynningu á þjónustu sértæku félagsmiðstöðvanna um mánaðamótin janúar/febrúar. Foreldrar þurfa að skrá börn í sértækt félagsmiðstöðvastarf fyrir hvert skólaár. Skráning í vetrarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna fer fram í febrúar.

Ef foreldrar búa ekki saman en fara með sameiginlega forsjá barns sækir foreldri með sama lögheimili og barnið um dvöl í sértækri félagsmiðstöð. Foreldrar eru hvattir til þess að sækja um vetrarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna fyrir 1. maí ár hvert.

Þegar foreldrar hafa sótt um í sértækt félagsmiðstöðvastarf fá þeir staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin. Verði tafir á þjónustu, s.s. vegna faliðunar, er fyrst litið til forgangshópa og svo er stærri hópi boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hlut af þeirri þjónustu sem þeir sóttu um. Sjá nánar gr. 4 um forgang í sértækar félagsmiðstöðvar.

Skráning í sumarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna hefst í mars/apríl. Skrá þarf barn í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 á **fimmtudegi föstudegi** til að það geti notið þjónustu frá og með mánudegi í vikunni á eftir. Við skráningu geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru látnir vita ef börnin komast inn af biðlista.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi félagsmiðstöðva

Félagsmiðstöðvar starfa allt árið en starfstími og opnunartími getur breyst eftir árstíma.

Yfir vetrarmánuðina eru félagsmiðstöðvar opnar eftir að skóladegi lýkur og er opnunartími að lágmarki 11,5 klst. á viku fyrir 13-16 ára börn en tvisvar í viku fyrir 10-12 ára börn. Lokað er vegna starfsdaga þrisvar á ári. Félagsmiðstöðvar eru lokaðar í vetrarfríum grunnskóla og bjóða þá frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Félagsmiðstöðvar eru opnar á frídögum grunnskóla, í jólafrí, páskafrí og á starfsdögum grunnskóla.

Sértækar félagsmiðstöðvar eru opnar yfir vetrartímamann frá því að skóladegi lýkur til kl. 17:00. Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími að miklu leyti skipulagður út frá því.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga, aðra en helgidaga, gildir eftirfarandi í sértæku félagsmiðstöðvastarfi:

- a. Á frídögum, í jólafrí, páskafrí og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta sértækra félagsmiðstöðva til boða frá kl. 8:00-17:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega hjá sértækri félagsmiðstöð barnsins þessa daga. Á aðfangadag og gamlársdag er lokað.
- b. Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst sértæka félagsmiðstöðvastarfið á hefðbundnum tíma nema um annað sé samið og af því hljótist

ekki kostnaðarauki fyrir sértækar félagsmiðstöðvar. Óhefðbundnir skóladagar, s.s. íþróttá- og útivistardagar, þemadagar, jólaskemmtanir, vorferðir o.fl., geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið.

- c. Sértækar félagsmiðstöðvar eru lokaðar í vetrarfríum grunnskólanna. Frístundamiðstöðvar bjóði upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna í vetrarfríum grunnskóla.
- d. Sértækar félagsmiðstöðvar eru lokaðar á skólasetningar- og skólaslitadögum.
- e. Þrír starfsdagar/skipulagsdagar eru í sértæku félagsmiðstöðvastarfi á almanaksárinu. Þá eru félagsmiðstöðvarnar lokaðar.

Ofangreindir frídagar og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjaldtöku nema að aukagjald er tekið fyrir þjónustu fyrir hádegi á frídögum grunnskóla í lið a hér að ofan. Sjá nánar um gjaldtöku í gr. 6.a í reglum þessum.

Í sumarleyfum grunnskólanna bjóða félagsmiðstöðvar þjónustu á dagtíma fyrir 10-16 ára börn en einnig er opið á kvöldin fyrir 13-16 ára börn tvisvar til þrisvar í viku. Félagsmiðstöðvar eru lokaðar frá miðjum júlí og fram að skólabyrjun í ágúst.

Á sumrin er boðið upp á sumarstarf í sértæku félagsmiðstöðvastarfi frá kl. 08:30-16:30. Leitast er við að samræma sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir í sumarstarfinu. Sértækar félagsmiðstöðvar eru lokaðar í fjórar vikur yfir sumartímann, fyrir utan Öskju en þar er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustuþörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

2. Skilyrði fyrir þátttöku

Öll börn á aldrinum 10-16 ára geta tekið þátt í félagsmiðstöðvastarfi. Einungis í undantekningartilvikum eru fjöldatakmörkanir á þátttöku.

Forsenda fyrir þátttöku í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er að barn sé í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar ríkisins:

Flokkur 1

Börn, sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar, fjölfötlunar, eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eða flestar athafnir daglegs lífs.

Flokkur 2

Börn, sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi t.d. vegna alvarlegrar eða miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar, sem krefst notkunar hjólastóls, verulegrar tengslaskerðingar, einhverfu, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar táknmáls/varalesturs, og blindu.

Flokkur 3

Börn, sem vegna fötlunar þurfa aðstoð og gæslu í daglegu lífi t.d. vegna vægrar þroskahömlunar, hreyfihömlunar, sem krefst notkunar spelka og/eða hækja við ferli, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar heyrnartækja í bæði eyru, og verulegrar sjónskerðingar á báðum augum.

Forstöðumaður í sértæku félagsmiðstöðvastarfi óskar eftir samþykki foreldra fyrir að fá staðfestingu frá miðstöð á umönnunarflokki sérhvers barns.

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika og eru ekki í umönnunarflokki 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar geta fengið þjónustu frá sértækri félagsmiðstöð að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við barn, foreldra, deildarstjóra unglingastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef foreldrar búa ekki saman, en fara sameiginlega með forsjá, getur það foreldri sem er með sama lögheimili og barnið sótt um sértækt félagsmiðstöðvastarf.

Börn í félagsmiðstöðinni Öskju við Klettaskóla þurfa að vera innrituð í Klettaskóla (geta verið með lögheimili utan Reykjavíkur) til að geta tekið þátt í sumar- og vetrarstarfi en í öðrum sértækum félagsmiðstöðvum er skilyrði fyrir þátttöku í sumar- og vetrarstarfi að börnin séu í almennum grunnskólum Reykjavíkur eða Brúarskóla og með lögheimili í Reykjavík.

Ef börn í sértækum félagsmiðstöðvum eru með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Reykjavík þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Skilyrði fyrir þjónustu við barn í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er að foreldrar þess séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið. Sjá gr. 7 í reglum þessum.

Ef til stendur að synja umsókn skal tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal framkvæmdastjórn tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Sé umsókn synjað þar sem plássleysi hamlar skal foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni inni virkri til umfjöllunar síðar.

3. Flutningur milli sértækra félagsmiðstöðva

Ef barn í sértæku félagsmiðstöðvastarfi flytur áður en starfsemin hefst að hausti má færa umsókn á milli starfsstaða með því að hafa samband við þann stað þar sem barnið var upphaflega skráð. Umsóknir raðast í sömu tímaröð og áður og eru afgreiddar samkvæmt því, elsta umsóknin fyrst, sjá þó 6. mgr. í gr. 1.a og gr. 4 um forgang.

4. Forgangur í sértækar félagsmiðstöðvar

Sækja má um forgang að sértæku félagsmiðstöðvastarfi fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsókn um forgang skal skila til forstöðumanns á þar til gerðu [eyðublaði](#).

Börn með forgang raðast á biðlistann eftir dagsetningu umsóknar, elsta umsóknin fyrst. Ef tafir verða á innritun vegna mannekle getur forstöðumaður í samráði við deildarstjóra komið á veltukerfi þannig að öll börn fái þjónustu tímabundið í færri daga en sótt var um.

Hægt er að sækja um forgang í sértæka félagsmiðstöð vegna:

- a) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn miðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna ~~og námsráðgjafar eða deildarstjórar í grunnskóla~~ geta með samþykki foreldra, sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.
- b) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva skóla- og frístundasviðs.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þeirrar félagsmiðstöðvar sem barnið mun dvelja. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Umsóknir um forgang skulu afgreiddar innan 14 daga. Þegar umsókn um forgang hefur verið samþykkt fær foreldri þjónustu fyrir barnið í félagsmiðstöðinni um leið og aðstæður leyfa til samræmis við reglur þessar. Ef umsókn er synjað ber að gæta að reglum stjórnsluréttar um andmælarétt og rökstuðning og leiðbeina skal foreldrum um rétt til að kæra niðurstöðuna til mennta- og menningarmálaráðuneytis til samræmis við málsmeðferð sem fram kemur í 2. gr. reglnanna.

~~Ekki er veittur forgangur í sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva.~~

5. Dvöl í sértækri félagsmiðstöð og uppsögn

Að jafnaði hefja börn dvöl í sértækri félagsmiðstöð daginn eftir skólasetningu að hausti. Síðasti opnunardagur í sértæku félagsmiðstöðvastarfi miðast við daginn fyrir skólaslit. Foreldrar fá tilkynningu með tölvupósti þegar þeir hafa fengið þjónustu fyrir barn sitt og þurfa þeir innan þriggja daga að staðfesta að þeir þiggi þjónustuna með því að smella á hlekk í tölvupóstinum. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan þess tíma er öðrum boðið plássíð.

Með staðfestingu á rafrænni umsókn staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá fyrir sértækt félagsmiðstöðvastarf og reglur um þjónustu félagsmiðstöðva og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef þjónustu er sagt upp, eða óskað er eftir breytingum, skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðarmót. Uppsögn skal vera rafræn á [Mínum síðum](#) eða með skriflegri tilkynningu til forstöðumanns sértækra félagsmiðstöðvar.

Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Allar breytingar þarf að gera á [Mínum síðum](#) eða berast forstöðumanni viðkomandi frístundaheimilis með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.

5.1 Sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir öll börn sem eru með lögheimili í Reykjavík, í almennum grunnskólum Reykjavíkurborgar eða Brúarskóla, eru að ljúka 5.-10. bekk og eru í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreining Tryggingarstofnunar ríkisins, óháð skólhverfi. Barn þarf að hafa fengið skólavist í Klettaskóla til að geta tekið þátt í sumarstarfi Öskju.

6. Gjaldtaka

Gjaldskrá fyrir sértækar félagsmiðstöðvar og sumarstarf frístundamiðstöðva er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu dvalargjalda.

6.a. Gjaldtaka fyrir vetrarstarf

Leitast skal við að halda þátttökugjöldum í vetrarstarfi félagsmiðstöðva í lágmarki og dreifa kostnaðarsömum viðburðum sem jafnast yfir vetrarmánuðina.

Gjald fyrir þjónustu sértækra félagsmiðstöðva og fyrir síðdegishressingu á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er birt á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is. Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir dvöl barna í sértæku félagsmiðstöðvastarfi. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í samræmi við fjölda daga sem börn þeirra dvelja í starfinu. Einnig greiða foreldrar fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið í sértækum félagsmiðstöðvum frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá sértæku félagsmiðstöðinni. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri part dagsins eða í samræmi við upplýsingar frá starfsstað hverju sinni. Skráning á langa daga er bindandi eftir að skráningarfrestur rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Nota má frístundakort upp í greiðslu dvalargjöld í sértæku félagsmiðstöðvastarfi yfir vetrarmánuðina.

6.b Afsláttur af dvalargjaldi í vetrarstarfi

Afslátt af fullu dvalargjaldi fyrir börn sín í sértæku félagsmiðstöðvastarfi fá starfsmenn sértækra félagsmiðstöðva og frístundaheimila Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#)
- Starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð á viku
- Framvísa staðfestingu forstöðumanns frístundaheimilis/sértæktrar félagsmiðstöðvar sem starfsmaður vinnur á um að hann sé starfsmaður með rétt á afslætti

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni í sértækri félagsmiðstöð barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur þar um. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í sértækri félagsmiðstöð barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna. Umsókn þarf að endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja í sértækum félagsmiðstöðvum og/eða í frístundaheimilum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngrsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknunum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna skráningar á langa daga. Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama lögheimili/lögheimilistengsl í Þjóðskrá.

Foreldrar systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, sem öll eru með lögheimili í Reykjavík, að uppfylltum framangreindum skilyrðum, geta sótt um framangreindan systkinaafslátt á þar til gerðri umsókn. Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá um skipta búsetu og báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn. Í þessum tilfellum er miðað við forsjáarskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla.

Börnum í 5. -10. bekk sem uppfylla skilyrði til skráningar í sértækar félagsmiðstöðvar, hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl í sértækri félagsmiðstöð. Ekki þarf að greiða fyrir síðdegishressingu en greiða verður fyrir viðbótarþjónustu á löngum dögum. Dvölin þessa þrjá mánuði þarf að vera samfelld, ef sumarmánuðir koma á milli getur gjaldfrjáls þjónustan haldið áfram næsta vetur þar til þrem mánuðum er náð. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu [eyðublaði \(sjá eyðublað á fleiri tungumálum\)](#). Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn í sértækri félagsmiðstöð. Ef um er að ræða systkinaafslátt barna í skiptri búsetu foreldra lækka gjöld þess foreldris er greiðir gjöldin.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til forstöðumanns félagsmiðstöðvar eða frístundamiðstöðvar og öllum skilyrðum er fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta gjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting gjalda kemur þá til frádráttar gjöldum næsta mánaðar. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.c Gjaldtaka í sumarstarfi

Gjald fyrir sumarstarf fyrir börn sem eru að klára 5.-7. bekk er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er á hverjum tíma á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Í sumarstarfi sértæka félagsmiðstöðvastarfsins er greitt grunngjald frá kl. 08:30-16:30. Skráð er fyrir viku í senn og greitt vikugjald sem innheimt er mánaðarlega. Ekki er boðið upp á síðdegishressingu í sumarstarfinu og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman nema annað sé tekið fram. Gjaldið er skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundamiðstöðvar að minnsta kosti ellefu dögum ~~viku~~ fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu. Ef veikindi hamlu þátttöku barns í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva er námskeiðsgjald fellt niður gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns/frístundamiðstöðvar.

Gjaldtaka í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva fellur niður þær vikur sem unglingar í 8.-10. bekk eru skráðir í Vinnuskóla Reykjavíkur.

6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi félagsmiðstöðva

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar af fullu gjaldi vegna systkina sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afslátturinn reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. Sækja þarf um afsláttinn ef um er að ræða börn foreldra í skiptri búsetu foreldranna, sjá nánar í 4. mgr. í gr. 6.b í reglunum. Ekki er veittur systkinaafsláttur af sumarsmiðjum.

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í félagsmiðstöðvastarfi yfir sumartímamann.

Börnum í 5.-10. bekk sem hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða að taka þátt í sumarstarfi í þrjár vikur án endurgjalds að uppfylltum skilyrðum 2. gr. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu eyðubaði. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

7. Innheimta dvalargjalda, vanskil og uppsögn

Ekki eru innheimt föst dvalargjöld í almennu félagsmiðstöðvastarfi. Í þeim tilvikum sem gjald er innheimt er það staðgreitt eða innheimt eftir á. Gjaldalagi er í þeim tilvikum þegar innheimt er eftir á er þá 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Dvalargjöld í sértæku félagsmiðstöðvastarfi eru innheimt eftir á með kröfu í netbanka. Vilji greiðandi fá greiðsluseðil í pósti þarf hann að óska eftir því við Þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111. Gjaldalagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Skráning fyrir hádegi á heilum dögum í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er bindandi og er gjald fyrir slíka skráningu innheimt eftir á.

7.a Innheimtuferli vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtureglum Reykjavíkurborgar.

Ef gjöld eru enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbref.

Hafi skuld ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um greiðslu við það.

Krafa um skuldagreiðslu sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstóli kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbrefa og innheimtu á greiðanda.

7.b Uppsögn

Uppsögn á dvöl og fækkun daga í sértæku félagsmiðstöðvastarfi þarf að berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi um næstu mánaðamót. Umsókn um fjölgun daga getur farið fram hvenær sem er. Tilkynnt er um uppsögn og breytingar á dvalartíma á [Mínum síðum](#) á vef Reykjavíkurborgar eða með tölvupósti til forstöðumanns.

Í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva og í sumarsmiðjum fyrir 10-12 ára þarf að afskrá barn með tölvupósti til félagsmiðstöðvar eða frístundamiðstöðvar ~~ellefu dögum-viku~~ áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Hafi greiðsla gjalda ekki borist 110 dögum frá gjalddaga áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til þess að segja upp samningi vegna sumar- eða vetrardvalar í sértæku félagsmiðstöðvastarfi. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreind skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Uppsögn miðast við mánaðarmót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um greiðslu eldri skulda svo að yngra barn þeirra geti hafið dvöl í sértækri félagsmiðstöð eða tekið þátt í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp dvöl yngra barns, sé ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Fylgt er verklagi um aukna þjónustu til foreldra sem skulda og beinir starfsfólk skóla- og frístundasviðs þeim í ráðgjöf til miðstöðva. Sjá nánar: [Verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn](#).

8. Veikindi barns

Geti barn ekki sótt sértækt félagsmiðstöðvastarf vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs. Sækja verður um afslátt vegna veikinda innan þriggja mánaða frá því barn veikist. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa forstöðumann viðkomandi félagsmiðstöðvar um að barnið hafi að nýju fengið þjónustu í sértæku félagsmiðstöðvastarfi eftir veikindin. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta gjöld afturvirkkt komi í ljós að veikindaafsláttur hafi verið veittur eftir að barn að nýju dvöl í

sértækri félagsmiðstöð.

Greiðslur fyrir einstaka viðburði og/eða ferðir í almennu félagsmiðstöðvastarfi fást endurgreiddar ef um veikindi barns er að ræða nema annað sé sérstaklega tekið fram. Staðfestingargjald (ef um slíkt er að ræða) fæst ekki endurgreitt.

Í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva og sumarsmiðjum 10-12 ára eru ekki felld niður dvalargjöld vegna veikinda nema með framvísun læknisvottorðs.

9. Stuðningur í félagsmiðstöðvastarfi

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika í almennri eða sértækri félagsmiðstöð fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Uppfylla þarf gr. 2 í þessum reglum ef taka á þátt í starfi sértækra félagsmiðstöðva. Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við barn, foreldra, deildarstjóra unglिंगastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef barn sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi tekur þátt í sértæku félagsmiðstöðvastarfi í Reykjavík (Öskju), þá þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

10. Húsnæði

Skóla- og frístundasvið leigir af fjármála- og áhættustýringarsviði sérrými félagsmiðstöðvar í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýtt eru með grunnskóla.

Þar sem félagsmiðstöð er staðsett utan grunnskóla sér fjármála- og áhættustýringarsvið um að útvega annað viðeigandi húsnæði.

11. Samstarf

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð félagsmiðstöðvar og grunnskóla í þjónustuhverfi hennar. Skólastjórnendur kynna að vori skóladagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni félagsmiðstöðvar og forstöðumaður kynnir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli grunnskóla og félagsmiðstöðvar og reglulegir fundir og vel skilgreint samstarf vegna vinnu með nemendafélögum og unglingaráði. Skóli veitir forstöðumanni félagsmiðstöðvar frístundaaðgang að Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um félagsmiðstöðvastarfið og annað frístundastarf til foreldra. Skal framangreint vera til samræmis við lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eftir því sem við á.

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. grein í reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundi vegna 10-16 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi félagsmiðstöðvar.

Félagsmiðstöð og skóli geta samið sérstaklega um viðveru starfsfólks félagsmiðstöðva á hefðbundnum skólatíma. Hvort um slíka viðveru er að ræða, hversu mikil hún er og með hvaða hætti fer eftir aðstæðum í hverri félagsmiðstöð og hverjum skóla fyrir sig. Skóli og félagsmiðstöð skulu gera með sér samstarfssamning til tveggja ára í senn þar sem samstarfið er skilgreint.

Félagsmiðstöðvar, í samstarfi við viðkomandi frístundamiðstöð, leita eftir samstarfi við þá aðila sem sinna frístundum barna í hverfinu með það að markmiði að árekstrar í starfseminni séu sem minnstir og börn geti sinnt fjölbreyttum viðfangsefnum í frítímanum.

Í félagsmiðstöðvastarfi er leitað eftir góðu samstarfi við það frístundaheimili sem áður veitti barninu þjónustu svo tryggja megi samfellu í þjónustu við það og fjölskyldu þess.

12. Mannauður

Fjöldi starfsfólks tekur mið af fjölda þeirra barna sem eru í 5. – 10. bekk í þjónustuverfi félagsmiðstöðvar, sbr. gildandi reiknilíkan skóla- og frístundasviðs. Í hverri félagsmiðstöð skal þó ávallt starfa forstöðumaður í fullu starfi og að auki starfsfólk í hlutastarfi samanber viðmið um fjölda starfsmanna í félagsmiðstöð (sjá forsenduskjöl reiknilíkans frístundamiðstöðva). Aldrei skulu vera færri en tveir starfsmenn á dagopnun og þrír á kvöldopnun, nema aðstæður kalli á annað, sbr. fjöldi barna eða stuðningsþörf. Ávallt sé leitast við að tryggja öryggi barna og unglinga. Í ferðum á vegum félagsmiðstöðvar skal miða við að ekki séu fleiri en 15 unglingar með hverjum starfsmanni (sjá [Verkferla í starfi félagsmiðstöðva skóla- og frístundasviðs](#)).

Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma/þjónustutíma félagsmiðstöðvarinnar.

Í sértæku félagsmiðstöðvastarfi starfar forstöðumaður ásamt aðstoðarforstöðumanni og tekur fjöldi annarra starfsmanna mið af stuðningsþörf hverju sinni (sjá nánar grein 9 um stuðning) og getur starfsmannafjöldi þannig verið breytilegur.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður (þar sem hann er starfandi) skulu hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tólstunda- og félagsmálafræða. Frístundaráðgjafar skulu hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi. Frístundaleiðbeinendur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi og hafa náð 20 ára aldri.

13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 og í borgarráði þann 19. október 2017.

Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. apríl 2019 og í borgarráði þann 9. maí 2019. Breytingar varðandi eitt námsgjald í 3. mgr. í gr. 6.b gilda frá 1. janúar 2019. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. júní 2020 og í borgarráði þann 25. júní 2020. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 6. febrúar 2023 og í borgarráði þann 16. febrúar 2023. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 28. ágúst 2023 og í borgarráði þann 7. september 2023 og í borgarstjórn þann 19. september 2023. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráðis þann 24. júní 2024 og í borgarráði þann 27. júní 2024. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann [dags.] og í borgarráði þann [dags.].

Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um starfsemi félagsmiðstöðva og umsókn og innritun í sértækt félagsmiðstöðvastarf Reykjavíkurborgar. Einnig ná reglurnar til gjaldtöku og innheimtu fyrir þátttöku í félagsmiðstöðvum og sértæku félagsmiðstöðvastarfi borgarinnar. Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérлага eftir því sem við á. Börn er hér notað yfir börn og unglunga 10-16 ára.

Almennt um félagsmiðstöðvar

Reykjavíkurborg starfrækir félagsmiðstöðvar fyrir börn í 5.-10. bekk í grunnskólum í Reykjavík og er gert ráð fyrir félagsmiðstöð í tengslum við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar sem hafa unglingastig.

Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is, er yfirlit yfir allar félagsmiðstöðvar borgarinnar ásamt nánari upplýsingum um staðsetningu, netföng og símanúmer.

Börn í 5.-7. bekk grunnskóla sem ekki eru með unglingadeildir geta sótt félagsmiðstöðvastarf sem tengist þeim grunnskóla sem þau geta sótt á unglingastigi.

Í sértækum félagsmiðstöðvum er boðið upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglunga. Þar er opið eftir að skóladegi lýkur til kl. 17:00 alla virka daga og allan daginn í skólafríum. [Sjá hér nánari upplýsingar um sértækar félagsmiðstöðvar í Reykjavík.](#)

Félagsmiðstöðvar sinna reglulega vettvangsstarfi innan og utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga með það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglunga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi.

Félagsmiðstöðvar starfa samkvæmt [Starfskrá frístundamiðstöðva](#) skóla- og frístundasviðs.

Börn í sjálfstætt reknunum grunnskólum geta sótt félagsmiðstöðvastarf í því hverfi sem þau búa í eða í þá félagsmiðstöð sem er starfandi í sama hverfi og viðkomandi skóli.

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun og þátttaka

Skráning í gjaldskjalt starf félagsmiðstöðva fer að jafnaði fram á vef Reykjavíkurborgar, [Mínar síður](#) og á sumar.fristund.is. Leita má eftir aðstoð við rafræna umsókn á öllum frístundamiðstöðvum og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Almennt félagsmiðstöðvastarf

Ekki þarf að skrá sig í almennt félagsmiðstöðvastarf nema í undantekningartilvikum, s.s. ef um er að ræða klúbba- eða hópastarf, ferðir, námskeið/smiðjur eða afmörkuð viðfangsefni. Í flestum tilvikum skrá börnin sig sjálf til þátttöku og þá hjá starfsfólki eða rafrænt gegnum vefmiðla.

Skráning í sumarsmiðjur félagsmiðstöðva fyrir 10-12 ára börn hefst í maí og lýkur þegar fjöldaviðmiðum er náð eða þegar smiðja hefst.

Sértækt félagsmiðstöðvarstarf

Foreldrar barna sem eru í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar ríkisins og eru að fara í 5. bekk næsta skólaár fá kynningu á þjónustu sértæku félagsmiðstöðvanna um mánaðamótin janúar/febrúar. Foreldrar þurfa að skrá börn í sértækt félagsmiðstöðvastarf fyrir hvert skólaár. Skráning í vetrarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna fer fram í febrúar.

Ef foreldrar búa ekki saman en fara með sameiginlega forsjá barns sækir foreldri með sama lögheimili og barnið um dvöl í sértækri félagsmiðstöð. Foreldrar eru hvattir til þess að sækja um vetrarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna fyrir 1. maí ár hvert.

Þegar foreldrar hafa sótt um í sértækt félagsmiðstöðvastarf fá þeir staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin. Verði tafir á þjónustu, s.s. vegna faliðunar, er fyrst litið til forgangshópa og svo er stærri hópi boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hlut af þeirri þjónustu sem þeir sóttu um. Sjá nánar gr. 4 um forgang í sértækar félagsmiðstöðvar.

Skráning í sumarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna hefst í mars/apríl. Skrá þarf barn í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 á föstudegi til að það geti notið þjónustu frá og með mánudegi í vikunni á eftir. Við skráningu geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru látnir vita ef börnin komast inn af biðlista.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi félagsmiðstöðva

Félagsmiðstöðvar starfa allt árið en starfstími og opnunartími getur breyst eftir árstíma.

Yfir vetrarmánuðina eru félagsmiðstöðvar opnar eftir að skóladegi lýkur og er opnunartími að lágmarki 11,5 klst. á viku fyrir 13-16 ára börn en tvisvar í viku fyrir 10-12 ára börn. Lokað er vegna starfsdaga þrisvar á ári. Félagsmiðstöðvar eru lokaðar í vetrarfríum grunnskóla og bjóða þá frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Félagsmiðstöðvar eru opnar á frídögum grunnskóla, í jólafrí, páskafrí og á starfsdögum grunnskóla.

Sértækar félagsmiðstöðvar eru opnar yfir vetrartímamann frá því að skóladegi lýkur til kl. 17:00. Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími að miklu leyti skipulagður út frá því.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga, aðra en helgidaga, gildir eftirfarandi í sértæku félagsmiðstöðvastarfi:

- a. Á frídögum, í jólafrí, páskafrí og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta sértækra félagsmiðstöðva til boða frá kl. 8:00-17:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega hjá sértækri félagsmiðstöð barnsins þessa daga. Á aðfangadag og gamlársdag er lokað.
- b. Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst sértæka félagsmiðstöðvastarfið á hefðbundnum tíma nema um annað sé samið og af því hljótist

ekki kostnaðarauki fyrir sértækar félagsmiðstöðvar. Óhefðbundnir skóladagar, s.s. íþróttá- og útivistardagar, þemadagar, jólaskeiðtanir, vorferðir o.fl., geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið.

- c. Sértækar félagsmiðstöðvar eru lokaðar í vetrarfríum grunnskólanna. Frístundamiðstöðvar bjóði upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna í vetrarfríum grunnskóla.
- d. Sértækar félagsmiðstöðvar eru lokaðar á skólasetningar- og skólaslitadögum.
- e. Þrír starfsdagar/skipulagsdagar eru í sértæku félagsmiðstöðvastarfi á almanaksárinu. Þá eru félagsmiðstöðvarnar lokaðar.

Ofangreindir frídagar og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjalddöku nema að aukagjald er tekið fyrir þjónustu fyrir hádegi á frídagum grunnskóla í lið a hér að ofan. Sjá nánar um gjalddöku í gr. 6.a í reglum þessum.

Í sumarleyfum grunnskólanna bjóða félagsmiðstöðvar þjónustu á dagtíma fyrir 10-16 ára börn en einnig er opið á kvöldin fyrir 13-16 ára börn tvisvar til þrisvar í viku. Félagsmiðstöðvar eru lokaðar frá miðjum júlí og fram að skólabyrjun í ágúst.

Á sumrin er boðið upp á sumarstarf í sértæku félagsmiðstöðvastarfi frá kl. 08:30-16:30. Leitast er við að samræma sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir í sumarstarfinu. Sértækar félagsmiðstöðvar eru lokaðar í fjórar vikur yfir sumartímann, fyrir utan Öskju en þar er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustubörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

2. Skilyrði fyrir þátttöku

Öll börn á aldrinum 10-16 ára geta tekið þátt í félagsmiðstöðvastarfi. Einungis í undantekningartilvikum eru fjöldatakmörkanir á þátttöku.

Forsenda fyrir þátttöku í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er að barn sé í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar ríkisins:

Flokkur 1

Börn, sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar, fjölfötlunar, eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eða flestar athafnir daglegs lífs.

Flokkur 2

Börn, sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi t.d. vegna alvarlegrar eða miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar, sem krefst notkunar hjólastóls, verulegrar tengslaskerðingar, einhverfu, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar táknmáls/varalesturs, og blindu.

Flokkur 3

Börn, sem vegna fötlunar þurfa aðstoð og gæslu í daglegu lífi t.d. vegna vægrar þroskahömlunar, hreyfihömlunar, sem krefst notkunar spelka og/eða hækja við ferli, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar heyrnartækja í bæði eyru, og verulegrar sjónskerðingar á báðum augum.

Forstöðumaður í sértæku félagsmiðstöðvastarfi óskar eftir samþykki foreldra fyrir að fá staðfestingu frá miðstöð á umönnunarflokki sérhvers barns.

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika og eru ekki í umönnunarflokki 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar geta fengið þjónustu frá sértækri félagsmiðstöð að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við barn, foreldra, deildarstjóra unglingastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef foreldrar búa ekki saman, en fara sameiginlega með forsjá, getur það foreldri sem er með sama lögheimili og barnið sótt um sértækt félagsmiðstöðvastarf.

Börn í félagsmiðstöðinni Öskju við Klettaskóla þurfa að vera innrituð í Klettaskóla (geta verið með lögheimili utan Reykjavíkur) til að geta tekið þátt í sumar- og vetrarstarfi en í öðrum sértækum félagsmiðstöðvum er skilyrði fyrir þátttöku í sumar- og vetrarstarfi að börnin séu í almennum grunnskólum Reykjavíkur eða Brúarskóla og með lögheimili í Reykjavík.

Ef börn í sértækum félagsmiðstöðvum eru með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Reykjavík þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Skilyrði fyrir þjónustu við barn í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er að foreldrar þess séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið. Sjá gr. 7 í reglum þessum.

Ef til stendur að synja umsókn skal tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal framkvæmdastjórn tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Sé umsókn synjað þar sem plássleysi hamlar skal foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni inni virkri til umfjöllunar síðar.

3. Flutningur milli sértækra félagsmiðstöðva

Ef barn í sértæku félagsmiðstöðvastarfi flytur áður en starfsemin hefst að hausti má færa umsókn á milli starfsstaða með því að hafa samband við þann stað þar sem barnið var upphaflega skráð. Umsóknir raðast í sömu tímaröð og áður og eru afgreiddar samkvæmt því, elsta umsóknin fyrst, sjá þó 6. mgr. í gr. 1.a og gr. 4 um forgang.

4. Forgangur í sértækar félagsmiðstöðvar

Sækja má um forgang að sértæku félagsmiðstöðvastarfi fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsókn um forgang skal skila til forstöðumanns á þar til gerðu [eyðublaði](#).

Börn með forgang raðast á biðlistann eftir dagsetningu umsóknar, elsta umsóknin fyrst. Ef tafir verða á innritun vegna mannekle getur forstöðumaður í samráði við deildarstjóra komið á veltukerfi þannig að öll börn fái þjónustu tímabundið í færri daga en sótt var um.

Hægt er að sækja um forgang í sértæka félagsmiðstöð vegna:

- a) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn miðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna og námsráðgjafar eða deildarstjórar í grunnskóla geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytingar á fjölskylduhögum.
- b) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva skóla- og frístundasviðs.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þeirrar félagsmiðstöðvar sem barnið mun dvelja. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Umsóknir um forgang skulu afgreiddar innan 14 daga. Þegar umsókn um forgang hefur verið samþykkt fær foreldri þjónustu fyrir barnið í félagsmiðstöðinni um leið og aðstæður leyfa til samræmis við reglur þessar. Ef umsókn er synjað ber að gæta að reglum stjórnsluréttar um andmælarétt og rökstuðning og leiðbeina skal foreldrum um rétt til að kæra niðurstöðuna til mennta- og menningarmálaráðuneytis til samræmis við málsmeðferð sem fram kemur í 2. gr. reglnanna.

Ekki er veittur forgangur í sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva.

5. Dvöl í sértækri félagsmiðstöð og uppsögn

Að jafnaði hefja börn dvöl í sértækri félagsmiðstöð daginn eftir skólasetningu að hausti. Síðasti opnunardagur í sértæku félagsmiðstöðvastarfi miðast við daginn fyrir skólaslit. Foreldrar fá tilkynningu með tölvupósti þegar þeir hafa fengið þjónustu fyrir barn sitt og þurfa þeir innan þriggja daga að staðfesta að þeir þiggi þjónustuna með því að smella á hlekk í tölvupóstinum. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan þess tíma er öðrum boðið plássíð.

Með staðfestingu á rafrænni umsókn staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá fyrir sértækt félagsmiðstöðvastarf og reglur um þjónustu félagsmiðstöðva og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef þjónustu er sagt upp, eða óskað er eftir breytingum, skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðarmót. Uppsögn skal vera rafræn á [Mínum síðum](#) eða með skriflegri tilkynningu til forstöðumanns sértækra félagsmiðstöðvar.

Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Allar breytingar þarf að gera á [Mínum síðum](#) eða berast forstöðumanni viðkomandi frístundaheimilis með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.

5.1 Sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir öll börn sem eru með lögheimili í Reykjavík, í almennum grunnskólum Reykjavíkurborgar eða Brúarskóla, eru að ljúka 5.-10. bekk og eru í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreining Tryggingarstofnunar ríkisins, óháð skólhverfi. Barn þarf að hafa fengið skólavist í Klettaskóla til að geta tekið þátt í sumarstarfi Öskju.

6. Gjaldtaka

Gjaldskrá fyrir sértækar félagsmiðstöðvar og sumarstarf frístundamiðstöðva er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu dvalargjalda.

6.a. Gjaldtaka fyrir vetrarstarf

Leitast skal við að halda þátttökugjöldum í vetrarstarfi félagsmiðstöðva í lágmarki og dreifa kostnaðarsömum viðburðum sem jafnast yfir vetrarmánuðina.

Gjald fyrir þjónustu sértækra félagsmiðstöðva og fyrir síðdegishressingu á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er birt á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is. Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir dvöl barna í sértæku félagsmiðstöðvastarfi. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í samræmi við fjölda daga sem börn þeirra dvelja í starfinu. Einnig greiða foreldrar fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið í sértækum félagsmiðstöðvum frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá sértæku félagsmiðstöðinni. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri part dagsins eða í samræmi við upplýsingar frá starfsstað hverju sinni. Skráning á langa daga er bindandi eftir að skráningarfrestur rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Nota má frístundakort upp í greiðslu dvalargjöld í sértæku félagsmiðstöðvastarfi yfir vetrarmánuðina.

6.b Afsláttur af dvalargjaldi í vetrarstarfi

Afslátt af fullu dvalargjaldi fyrir börn sín í sértæku félagsmiðstöðvastarfi fá starfsmenn sértækra félagsmiðstöðva og frístundaheimila Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#)
- Starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð á viku
- Framvísa staðfestingu forstöðumanns frístundaheimilis/sértækrar félagsmiðstöðvar sem starfsmaður vinnur á um að hann sé starfsmaður með rétt á afslætti

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni í sértækri félagsmiðstöð barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur þar um. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í sértækri félagsmiðstöð barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna. Umsókn þarf að endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja í sértækum félagsmiðstöðvum og/eða í frístundaheimilum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngrsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna skráningar á langa daga. Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama lögheimili/lögheimilistengsl í þjóðskrá.

Börnum í 5. -10. bekk sem uppfylla skilyrði til skráningar í sértækar félagsmiðstöðvar, hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl í sértækri félagsmiðstöð. Ekki þarf að greiða fyrir síðdegishressingu en greiða verður fyrir viðbótarþjónustu á löngum dögum. Dvölin þessa þrjá mánuði þarf að vera samfelld, ef sumarmánuðir koma á milli getur gjaldfrjáls þjónustan haldið áfram næsta vetur þar til þrem mánuðum er náð. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu [eyðublaði \(sjá eyðublað á fleiri tungumálum\)](#). Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn í sértækri félagsmiðstöð.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til forstöðumanns félagsmiðstöðvar eða frístundamiðstöðvar og öllum skilyrðum er fullnægt. Þó er heimilt að leiðréttu gjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting gjalda kemur þá til frádráttar gjöldum næsta mánaðar. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.c Gjaldtaka í sumarstarfi

Gjald fyrir sumarstarf fyrir börn sem eru að klára 5.-7. bekk er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er á hverjum tíma á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Í sumarstarfi sértæka félagsmiðstöðvastarfsins er greitt grunngjald frá kl. 08:30-16:30. Skráð er fyrir viku í senn og greitt vikugjald sem innheimt er mánaðarlega. Ekki er boðið upp á síðdegishressingu í sumarstarfinu og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman nema annað sé tekið fram. Gjaldið er skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundamiðstöðvar að minnsta kosti viku fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu. Ef veikindi hamla þátttöku barns í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva er námskeiðsgjald fellt niður gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns/frístundamiðstöðvar.

Gjaldtaka í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva fellur niður þær vikur sem unglingar í 8.-10. bekk eru skráðir í Vinnuskóla Reykjavíkur.

6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi félagsmiðstöðva

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar af fullu gjaldi vegna systkina sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afslátturinn reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. Ekki er veittur systkinaafsláttur af sumarsmiðjum.

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í félagsmiðstöðvastarfi yfir sumartímenn.

Börnum í 5.-10. bekk sem hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða að taka þátt í sumarstarfi í þrjár vikur án endurgjalds að uppfylltum skilyrðum 2. gr. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu eyðubaði. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

7. Innheimta dvalargjalda, vanskil og uppsögn

Ekki eru innheimt föst dvalargjöld í almennu félagsmiðstöðvastarfi. Í þeim tilvikum sem gjald er innheimt er það staðgreitt eða innheimt eftir á. Gjaldþagi er í þeim tilvikum þegar innheimt er eftir á er þá 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Dvalargjöld í sértæku félagsmiðstöðvastarfi eru innheimt eftir á með kröfu í netbanka. Vilji greiðandi fá greiðsluseðil í pósti þarf hann að óska eftir því við Þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111. Gjaldþagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Skráning fyrir hádegi á heilum dögum í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er bindandi og er gjald fyrir slíka skráningu innheimt eftir á.

7.a Innheimtuferli vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtureglum Reykjavíkurborgar.

Ef gjöld eru enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf.

Hafi skuld ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um greiðslu við það.

Krafa um skuldagreiðslu sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstóli kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

7.b Uppsögn

Uppsögn á dvöl og fækkun daga í sértæku félagsmiðstöðvastarfi þarf að berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi um næstu mánaðamót. Umsókn um fjölgun daga getur farið fram hvenær sem er. Tilkynnt er um uppsögn og breytingar á dvalartíma á [Mínum síðum](#) á vef Reykjavíkurborgar eða með tölvupósti til forstöðumanns.

Í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva og í sumarsmiðjum fyrir 10-12 ára þarf að afskrá barn með tölvupósti til félagsmiðstöðvar eða frístundamiðstöðvar viku áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Hafi greiðsla gjalda ekki borist 110 dögum frá gjalddaga áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til þess að segja upp samningi vegna sumar- eða vetrardvalar í sértæku félagsmiðstöðvastarfi. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreind skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Uppsögn miðast við mánaðarmót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um greiðslu eldri skulda svo að yngra barn þeirra geti hafið dvöl í sértækri félagsmiðstöð eða tekið þátt í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp dvöl yngra barns, sé ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Fylgt er verklagi um aukna þjónustu til foreldra sem skulda og beinir starfsfólk skóla- og frístundasviðs þeim í ráðgjöf til miðstöðva. Sjá nánar: [Verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn.](#)

8. Veikindi barns

Geti barn ekki sótt sértækt félagsmiðstöðvastarf vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs. Sækja verður um afslátt vegna veikinda innan þriggja mánaða frá því barn veikist. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa forstöðumann viðkomandi félagsmiðstöðvar um að barnið hafi að nýju fengið þjónustu í sértæku félagsmiðstöðvastarfi eftir veikindin. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta gjöld afturvirkð komi í ljós að veikindaafsláttur hafi verið veittur eftir að barn að nýju dvöl í sértækri félagsmiðstöð.

Greiðslur fyrir einstaka viðburði og/eða ferðir í almennu félagsmiðstöðvastarfi fást endurgreiddar ef um veikindi barns er að ræða nema annað sé sérstaklega tekið fram. Staðfestingargjald (ef um slíkt er að ræða) fæst ekki endurgreitt.

Í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva og sumarsmiðjum 10-12 ára eru ekki felld niður dvalargjöld vegna veikinda nema með framvisun læknisvottorðs.

9. Stuðningur í félagsmiðstöðvastarfi

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávik í almennri eða sértækri félagsmiðstöð fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Uppfylla þarf gr. 2 í þessum reglum ef taka á þátt í starfi sértækra félagsmiðstöðva. Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við barn, foreldra, deildarstjóra unglíngastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef barn sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi tekur þátt í sértæku félagsmiðstöðvastarfi í Reykjavík (Öskju), þá þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

10. Húsnæði

Skóla- og frístundasvið leigir af fjármála- og áhættustýringarsviði sérrými félagsmiðstöðvar í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýtt eru með grunnskóla.

Þar sem félagsmiðstöð er staðsett utan grunnskóla sér fjármála- og áhættustýringarsvið um að útvega annað viðeigandi húsnæði.

11. Samstarf

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð félagsmiðstöðvar og grunnskóla í þjónustuhverfi hennar. Skólastjórnendur kynna að vori skóladagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni félagsmiðstöðvar og forstöðumaður kynnir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli grunnskóla og félagsmiðstöðvar og reglulegir fundir og vel skilgreint samstarf vegna vinnu með nemendafélögum og unglíngaráði. Skóli veitir forstöðumanni félagsmiðstöðvar frístundaaðgang að Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um félagsmiðstöðvastarfið og annað frístundastarf til foreldra. Skal framangreint vera til samræmis við lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eftir því sem við á.

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. grein í reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundi vegna 10-16 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi félagsmiðstöðvar.

Félagsmiðstöð og skóli geta samið sérstaklega um viðveru starfsfólks félagsmiðstöðva á hefðbundnum skólatíma. Hvort um slíka viðveru er að ræða, hversu mikil hún er og með hvaða hætti fer eftir aðstæðum í hverri félagsmiðstöð og hverjum skóla fyrir sig. Skóli og félagsmiðstöð skulu gera með sér samstarfssamning til tveggja ára í senn þar sem samstarfið er skilgreint.

Félagsmiðstöðvar, í samstarfi við viðkomandi frístundamiðstöð, leita eftir samstarfi við þá aðila sem sinna frístundum barna í hverfinu með það að markmiði að árekstrar í starfseminni séu sem minnstir og börn geti sinnt fjölbreyttum viðfangsefnum í frítímanum.

Í félagsmiðstöðvastarfi er leitað eftir góðu samstarfi við það frístundaheimili sem áður veitti barninu þjónustu svo tryggja megi samfellu í þjónustu við það og fjölskyldu þess.

12. Mannauður

Fjöldi starfsfólks tekur mið af fjölda þeirra barna sem eru í 5. – 10. bekk í þjónustuverfi félagsmiðstöðvar, sbr. gildandi reiknilíkan skóla- og frístundasviðs. Í hverri félagsmiðstöð skal þó ávallt starfa forstöðumaður í fullu starfi og að auki starfsfólk í hlutastarfi samanber viðmið um fjölda starfsmanna í félagsmiðstöð (sjá forsenduskjöl reiknilíkans frístundamiðstöðva). Aldrei skulu vera færri en tveir starfsmenn á dagopnun og þrír á kvöldopnun, nema aðstæður kalli á annað, sbr. fjöldi barna eða stuðningsþörf. Ávallt sé leitast við að tryggja öryggi barna og unglinga. Í ferðum á vegum félagsmiðstöðvar skal miða við að ekki séu fleiri en 15 unglingar með hverjum starfsmanni (sjá [Verkferla í starfi félagsmiðstöðva skóla- og frístundasviðs](#)).

Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma/þjónustutíma félagsmiðstöðvarinnar.

Í sértæku félagsmiðstöðvastarfi starfar forstöðumaður ásamt aðstoðarforstöðumanni og tekur fjöldi annarra starfsmanna mið af stuðningsþörf hverju sinni (sjá nánar grein 9 um stuðning) og getur starfsmannafjöldi þannig verið breytilegur.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður (þar sem hann er starfandi) skulu hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tómsunda- og félagsmálafræða. Frístundaráðgjafar skulu hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi. Frístundaleiðbeinendur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi og hafa náð 20 ára aldri.

13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 og í borgarráði þann 19. október 2017.

Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. apríl 2019 og í borgarráði þann 9. maí 2019. Breytingar varðandi eitt námsgjald í 3. mgr. í gr. 6.b gilda frá 1. janúar 2019. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. júní 2020 og í borgarráði þann 25. júní 2020. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 6. febrúar 2023 og í borgarráði þann 16. febrúar 2023. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 28. ágúst 2023 og í borgarráði þann 7. september 2023 og í borgarstjórn þann 19. september 2023. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráðis þann 24. júní 2024 og í borgarráði þann 27. júní 2024.